

Fundargerð 79. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var þann 23. maí 2013, kl. 13:15 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Inga Sólnes,
Friðjón Einarsson
Sigrún Árnadóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra, sem jafnframt ritaði fundargerð.
Sigurður Harðarsson og Ingvar Garðarsson komu inn á fundinn undir 2. lið.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Fundargerðin borin upp og samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. *Háskólavellir – fjárhagsleg endurskipulagning*

Framkvæmdastjóri ásamt ráðgjöfum fóru yfir stöðu mála varðandi fjárhagslega endurskipulagningu Háskólavalla.

Málið var rætt ítarlega. Rifjuð upp saga þess, en það hefur áður verið á dagskrá stjórnar. M.a. var rætt um hvort vilji væri fyrir því að núverandi hluthafar í Háskólavöllum hefðu áfram meirihluta í félaginu og hver fjöldi stjórnarmanna ætti að vera yrði sú raunin. Þá var rætt um lágmarksfjárhæð nýs hlutafjár og greiðslutilhögun á því. Velt var upp þeim möguleika, að Þ.K. tæki yfir H. eða rekstur þess félags. Umræður stóðu til kl. 14.40, en þá var ákveðið að tillögu stjórnarformanns að fresta umræðum og afgreiðslu málsins til næsta stjórnarfundar, sem stefnt er að næsta mánudag þann 27.maí.

Afgreiðslu 3-6 liðs fundar er frestað til næsta stjórnarfundar.

3. *ESA vegna Verne*
4. *Kaupsamningar*
5. *Seltún*
6. *Önnur mál*

Fleira ekki gert og fundi slitið.

